

**Leikskólinn Ugluklettur**

**Uglukletti 1**

**310 Borgarnesi**



# **Vinátta og vellíðan í skólasamfélagi**



**Lokaskýrsla til Sprotasjóðs**

**Nafn skóla:** Leikskólinn Ugluklettur Borgarnesi

**Nafn verkefnisins:** Vinátta og vellíðan í skólasamfélagi

**Nafn verkefnisstjóra:** Kristín Gísladóttir

**Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:**

Ums. 39 2018/2019. Verkefnið hlaut styrk árið 2018.

**Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:**

Markmið verkefnisins var að auka vellíðan allra í skólasamfélaginu með því að efla skólabraginn. Ætlunin var að samþætta verkefni barnaheilla, Vináttu í allt starf leikskólans og ná því fram að gildi vináttu sem eru umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki, væru rauði þráðurinn í gegnum daglegt starf auk þess sem áhersluþættir Aðalnámskrár og skólanámskrár myndu endurspeglast í vinnu með gildin. Til að tryggja að allir þættir skólastarfsins myndu tengjast vinnunni með gildin fjögur úr Vináttunni var áætlað að safna saman á einn stað námsefni og hugmyndum, sem myndu styðja við hvert gildi og þætti aðal- og skólanámskrár. Mikilvægt var talið að mæla hvernig til myndi takast og gera reglulegar mælingar á einstökum þáttum verkefnisins á meðan á því stæði.

Stefna leikskólans Uglukletts er að undirbúa börnin undir framtíð sem enginn veit hvað ber í skauti sér. Af þeim sökum var talið vænlegt að leggja megin áherslu á að efla félagslega hæfni, frumkvæði og sjálfræði barna. Í gegnum tíðina hefur mikið verið lagt upp úr vellíðan, það er að segja að börnum, starfsmönnum og foreldrum líði vel í leikskólanum.

Í skólanámskrá Uglukletts segir að hamingja sé í grunninn það að geta látið gott af sér leiða, unnið með veikleika í gegnum styrkleika, haft ánægju af öðru fólki, geta unnið með og borið virðingu fyrir öðrum. Þetta er í góðu samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem lögð er áhersla á lýðræði, það að raddir barnanna fái að heyrast auk þess sem bera þurfi virðingu fyrir öðrum, þeirra velferð og vellíðan. Þessa þætti vildum við styrkja enn frekar í gegnum vinnuna með gildin fjögur.

**Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:**

- Vinnufundir
- Samstarf við Barnaheill
- Fræðslufyrirlestur
- Rýni á gagnlegum greinum og efni

- Tengsla- og líðan-könnun

Yfir tímabilið voru haldnir þrjú vinnufundir þar sem starfsmenn unnu að því að dýpka þekkingu á efninu og eiga samtal um hvernig best væri að ná markmiðum verkefnisins. Starfsfólk fór í þá grunnvinnu að kynna sér gildi Vináttu og hvernig hægt væri að samtvinna þau inn í starf leikskólans. Hugað var sérstaklega að því hvernig hægt væri að láta gildin endurspeglast í vinnu með þann efnivið sem unnið er með í leikskólanum og þá hugmyndafræði sem skólinn stendur fyrir. Einnig voru gildi Vináttu látin endurspeglast í samskiptum skólasamfélagsins. Í október 2018 kom Vanda Sigurgeirsdóttir með fyrirlestur fyrir starfsfólk og foreldra um einelti og jákvæð samskipti. Markmiðið með fyrirlestrinum var að skapa umræðum og sameiginlega sýn á vináttu og vellíðan í skólasamfélagi Uglukletts.

Til þess að innleiða gildin var unnið með hvert þeirra í mánuð. Eftir þá vinnu var ferlið endurmetið og fleiri leiðir fundnar til að endurspeglar gildin í okkar starfi. Stjórnendateymi leikskólans hitti aðila frá Barnaheill við upphaf og lok verkefnisins. Í upphafi ræddi hópurinn um hvernig best væri að standa að vinnunni og byggja verkefnið upp. Við lokin kynnti stjórnendateymi afurðina fyrir aðilum frá Barnaheill.

#### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins:**

Umfang mælinga innan verkefnisins var töluvert minna en ráð var gert í umsókninni auk þess sem tímarammi verkefnisins var stytur. Afurð verkefnisins breyttist töluvert þar sem í upphafi var markmiðið að setja efnið á einn stað sem tengdist hverju gildi. Í ferlinu varð áherslan frekar á kennslufræði og hvernig hægt er að tengja námsþætti Aðalnámskrár og helstu áhersluatriði í námi barnanna í Uglukletti við Vináttu.

#### **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:**

Í starfi leikskóla gefst lítil tími til faglegrar ígrundunar og samráðs, en það sýnir fram á mikilvægi þess að geta sótt í Sprotasjóð til að vinna að verkefnum sem þessum. Engar meiriháttar hindranir komu upp við vinnu verkefnisins.

#### **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:**

Stærsti ávinningurinn við þetta verkefni voru góðar samræður meðal starfsfólks. Með því fengu allir hlutdeild í því sem gert var, þegar starfsfólk gengur í takt í átt að markmiði, sem það hefur sjálft átt þátt í að móta þá verður helgunin meiri. Starfsfólk fékk tækifæri til að kynna sér vel gildi Vináttu og skilja betur út á hvað verkefnið gengur og þá hugmyndafræði sem það byggir

á. Samhliða því átti sér stað mótun á þeim vinnuaðferðum sem notaðar eru í leikskólanum. Einnig varð aukin meðvitund meðal starfsmanna um að horfa á og ígrunda tengslamyndanir milli barna og stöðu hvers og eins innan barnahópsins.

### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

Verkefnið gekk vel og hafði strax áhrif á skólastarfið til betri vegar. Starfsfólk þekkir gildin betur og fékk skýrari sýn á hvernig þau endurspeglast innan skólasamfélagsins í Uglukletti. Verkefnið gaf starfsfólki tækifæri til að ígrunda vel efni og innihald Vináttu auk þess að finna út leiðir og verkefni til að vinna með í starfi með börnunum. Foreldrum var boðið á fyrirlestur um uppbyggingu góðs skólasamfélags, mikil ánægja var með fyrirlesturinn.

### **Niðurstöður verkefnisins:**

Markmið verkefnisins náðist og afurð þess praktískari heldur en lagt var upp með. Búnar voru til námsáætlanir fyrir hvern árgang leikskólans. Inn í námsáætlanirnar fléttast námssvið Aðalnámskrár, helstu áhersluatriði í stefnu leikskólans auk markmiða og gilda hinna ýmsu verkefna og leiða sem unnið er með. Hver áætlun tekur til tveggja mánaða og fær kennari möppu sem inniheldur námsáætlunina og eyðublöð fyrir hverja viku til til að halda utanum skipulagningu á þeim verkefnum sem námsáætlunin tekur til. Að auki nýtist eyðublaðið til skráningar. Í möppunni er einnig greinar og fræðsla sem tengist því efni sem liggur fyrir það námstímabil. Kennarinn notar vikuáætlanirnar til að skipuleggja sitt starf og heldur þannig utan um að allir þættir í námskránni séu teknir fyrir á tímabilinu. Þetta gefur leikskólanum gagnagrunn sem hægt er að nýta sem samfellu í námi barnanna og milli starfsmanna og að auki byggist upp hugmyndabanki sem starfsmenn geta nýtt sér þar sem allir þekkja formið og námsáætlanirnar eru aðgengilegar á einum stað.

### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Kynna niðurstöður fyrir:

- Foreldraráði var kynnt verkefnið.
- Barnaheill var kynnt niðurstaða verkefnisins á fundi þann 10. desember 2019.
- Verkefnið var kynnt foreldrum á foreldrafundi
- Fræðslunefnd sveitafélagsins fékk kynningu á verkefninu á fræðslunefndarfundi.
- Verkefnið var kynnt fyrir börnunum á barnafundi.
- Uppskeruhátið.



Dagsetning: 6.12.2019

\_\_\_\_\_  
Undirskrift verkefnisstjóra

Kristín Gísladóttir  
Undirskrift skólastjóra ábyrðarskóla